

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 5/2010**

Kæra Icelandair ehf. á ákvörðun Neytendastofu 15. febrúar 2010.

1. Þann 25. júní 2010 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 5/2010: Kæra Icelandair ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 15. febrúar 2010. Í málinu úrskurða Eiríkur Jónsson, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 7. maí 2010, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu sem birtist í bréfi stofnunarinnar frá 15. febrúar 2010 þess efnis að Neytendastofa telji ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna verðframsetningar á bókunarvef Iceland Express. Í kærinni er þess krafist að áfrýjunarnefnd neytendamála taki umrætt mál til skoðunar og úrskurði að verðframsetning Iceland Express brjóti gegn 5. og 9. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og 2. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998. Þar er þess jafnframt krafist að áfrýjunarnefndin hraði málsmeðferð sinni eins og kostur er, enda sé um brýnt hagsmunamál neytenda að ræða.
3. Kæruheimild vegna ákvarðana Neytendastofu sem teknar eru á grundvelli laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 er að finna í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005.

**MÁLAVEXTIR OG ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU**

4. Forsaga málsins er sú að með bréfi til Neytendastofu, dags. 18. febrúar 2008, fór kærandi fram á að Neytendastofa tæki til skoðunar hvort framsetning á verðupplýsingum í bókunarferli Iceland Express samræmdist þágildandi 6. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005 og 2. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998. Erindið leiddi til ákvörðunar Neytendastofu nr. 9/2008 frá 13. maí 2008 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Iceland Express hefði brotið gegn framangreindum ákvæðum og fyrirtækinu gert að breyta framsetningunni á verðupplýsingum þannig að heildarverð hvers flugfars með sköttum og öðrum greiðslum kæmi fram í beinu framhaldi af því verði sem fyrirtækið seldi flugfarið á án skatta og annarra greiðslna.
5. Með bréfi lögmanns kæranda til Neytendastofu, dags. 27. júní 2008, var þeirri skoðun kæranda lýst að Iceland Express hefði ekki fullnægt þeim skilyrðum sem Neytendastofa setti í framangreindri ákvörðun og þess óskað að stofnun tæki til skoðunar hvort svo væri. Í kjölfarið fóru fram bréfaskipti á milli Neytendastofu annars vegar og kæranda og Iceland Express hins vegar og með bréfi, dags. 18. ágúst 2008, var lögmanni kæranda tilkynnt að Neytendastofa teldi framsetningu á bókunarvef Iceland Express vera í samræmi við þau skilyrði sem sett væru í

ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglum settum samkvæmt þeim. Iceland Express hefði fullnægt þeim skilyrðum sem fram hefðu komið í ákvörðun nr. 9/2008 og Neytendastofa myndi því ekki aðhafast frekar í málinu.

6. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 3. febrúar 2010, óskaði kærandi eftir því að Neytendastofa tæki til skoðunar hvort verðmerking á flugfarseðlum Iceland Express brytu gegn 5. og 9. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og 2. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998. Í bréfinu er því lýst að þegar pantað sé flug til áfangastaða innan Evrópu á vefsíðu Iceland Express birtist verð fyrir fullorðinn farþega án skatta og annarra gjalda. Neðar á síðunni birtist hins vegar heildarverð þar sem sköttum og gjöldum hafi verið bætt við ásamt sundurliðun. Kærandi telji þessa framsetningu villandi og að hún brjóti gegn framangreindum ákvæðum. Til samanburðar er vísað til verðmerkinga á flugi til Bandaríkjanna á umræddri vefsíðu, þar sem framsetning sé með öðrum hætti. Neytendastofa hafi áður tekið sama mál til skoðunar en ákveðið að beita sér ekki frekar í málinu. Dæmin sem nefnd séu í bréfinu sýni hins vegar að Iceland Express reyni með vísvitandi hætti að blekkja viðskiptavini sína með verðmerkingum á vefsíðu sinni. Hjá kæranda sé þessu öðru vísi farið og munurinn á framsetningu félaganna sé villandi gagnvart neytendum, eins og nánar er rökstutt í bréfinu.
7. Neytendastofa svaraði með því bréfi sem kæran lýtur að. Bréfið er sem fyrr segir dags. 15. febrúar 2010. Þar er vísað til erindis kæranda og tekið fram að stofnunin hafi þegar fjallað um verðframsetningu Iceland Express í ákvörðun Neytendastofu nr. 9/2008 frá 13. maí 2008. Í kjölfar ákvörðunarinnar hafi breytingar verið gerðar á framsetningunni og stofnunin fallist á að þær breytingar væru fullnægjandi, sbr. bréf Neytendastofu til lögmanns kæranda, dags. 18. ágúst 2008. Verðframsetningin sem nú sé kvartað yfir sé í samræmi við þá breytingu sem gerð var í kjölfar ákvörðunarinnar og Neytendastofa telji því ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu. Meðfylgjandi bréfinu var umrædd ákvörðun sem og framangreint bréf frá 18. ágúst 2008.

#### **RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU**

8. Í kæru, dags. 7. maí 2010, er fyrst fjallað um málshöfðunarfrest. Þar er vísað til þess að í 1. mgr. 27. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 segi að kæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg. Þetta sé hinn almenni kærufrestur stjórnarsýsluréttar. Þegar mælt sé fyrir um styttri fresti í sérlögum, þar sem jafnframt sé mælt fyrir um sérstakar áfrýjunarnefndir, sé mikilvægt að stjórnvöld fylgi þeirri leiðbeiningarskyldu sem mælt sé fyrir um í 2. mgr. 20. gr. stjórnarsýslulaga. Í 2. tölul. greinarinnar komi fram að þegar ákvörðun sé tilkynnt skriflega án þess að henni fylgi rökstuðningur skuli veita leiðbeiningar um kæruehimild, þegar hún sé fyrir hendi, kærufresti og kærugjöld, svo og hvert beina skuli kæru. Í 3. tölul. komi fram að veita skuli leiðbeiningar um frest til að bera ákvörðun undir dómstóla, ef slíkur frestur sé lögákveðinn. Hér sé ekki um að ræða skyldu til að benda aðila á þann möguleika að leita til dómstóla, heldur aðeins skyldu til að veita leiðbeiningar um lögbundna málshöfðunarfresti þar sem þeim sé til að dreifa. Leiðbeiningarskyldan taki til stjórnvaldsákvæðana, svo og annarra ákvarðana sem ekki bindi enda á mál en séu þó kæránlegar

einar og sér. Þessi leiðbeiningarskylda hafi ekki verið uppfyllt þegar Neytendastofa tilkynnti kæranda um ákvörðun sína.

9. Í 28. gr. stjórnarsýslulaga sé fjallað um hvernig fara skuli með kæru sem berst að liðnum kærufresti. Þar komi fram í 1. tölul. 1. mgr. að kæru sem berst að liðnum kærufresti skuli vísa frá nema afsakanlegt sé að hún hafi ekki borist fyrr. Í athugasemdum greinargerðar með því frumvarpi sem varð að stjórnarsýslulögum segi að dæmi um tilvik sem falli undir 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. stjórnarsýslulaga sé það þegar „lægra [sett] stjórnvald [hefur] vanrækt að veita leiðbeiningar um kæruheimild skv. 20. gr.“. Jafnframt segi um þetta í skýringarriti að ef ekki hafi verið veittar upplýsingar um málshöfðunarfrest, verði máli sennilega ekki vísað frá þó það hafi verið höfðað að frestinum liðnum, enda hafi aðili hafist handa um málssókn án ástæðulauss dráttar eftir að honum varð kunnugt um málshöfðunarfrestinn. Auk þess sem að framan greini verði að telja enn eðlilegra að víkja frá sértækum málshöfðunarfresti ef hinn almenni málshöfðunarfrestur er ekki enn liðinn. Með vísan til þess sem að framan greinir telji kærandi að áfrýjunarnefnd neytendamála beri að taka kærana til greina þrátt fyrir að hún berist utan lögbundins málshöfðunarfrests.
10. Í kærinni eru sjónarmið kæranda um verðframsetningu Iceland Express síðan rakin, með svipuðum hætti og í framangreindu erindi til Neytendastofu, dags. 3. febrúar 2010. Kærandi telur framsetninguna vegna áfangastaða í Evrópu vera villandi og að hún brjóti gegn 5. og 9. gr. laga nr. 57/2005, auk 2. gr. reglna nr. 580/1998. Dæmin í kærinni sýni að Iceland Express reyni með vísitandi hætti að blekkja viðskiptavinum sínum sem ætli að fljúga til Evrópu. Þar segir einnig m.a. að þótt Neytendastofa sé e.t.v. að reyna að vera samkvæm sjálfri sér með hinni kærðu ákvörðun sé ljóst að svo sé ekki, enda eigi þær aðstæður ekki lengur við sem Neytendastofa hafi tilgreint í fyrri ákvörðun sinni sem afsökun fyrir þessu vinnulagi, hafi þær nokkurn tímann verið til staðar. Aukinheldur verði að telja að áfrýjunarnefndir hafi almennt víðtækari heimildir til að hverfa frá fyrri stjórnvaldsákvörðunum en lægra sett stjórnvöld.
11. Með bréfi, dags. 12. maí 2010, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 27. maí 2010. Þar er þess aðallega krafist að kærinni verði vísað frá þar sem ekki hafi verið um kærana ákvörðun að ræða. Til vara er þess krafist að kærinni verði vísað frá þar sem kærufrestur sé liðinn samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005.
12. Neytendastofa vísar til þess að með ákvörðun stofnunarinnar frá 9/2008 frá 13. maí 2008 hafi sú stjórnvaldsákvörðun verið tekin að Iceland Express hafi með verðframsetningu á bókunarvef félagsins brotið gegn ákvæðum þágildandi laga nr. 57/2005 og reglna nr. 580/2005 og félaginu verið gert að breyta framsetningu á bókunarvef sínum til samræmis við ákvæði umræddra laga og reglna. Sú stjórnvaldsákvörðun hafi bindandi réttaráhrif á stjórnarsýslustigi um úrlausn þess máls. Framsetningin á bókunarvef Iceland Express sem kvörtun kæranda frá 3. febrúar 2010 lúti að, sé hin sama og Neytendastofa hafi talið fullnægja skilyrðum ákvörðunar nr. 9/2008. Á þetta hafi kæranda verið bent í bréfi Neytendastofu, dags. 18. ágúst 2008, og það verið ítrekað í bréfi, dags. 15. febrúar 2010.

13. Að mati Neytendastofu feli bréf stofnunarinnar, dags. 15. febrúar 2010, ekki í sér stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í bréfi kæranda til Neytendastofu, dags. 3. febrúar 2010, hafi fyrirtækið óskað þess að Neytendastofa tæki ákvörðun varðandi vanhöld á bókunarvef Iceland Express. Í bréfi Neytendastofu hafi verið ítrekað fyrir kæranda að stofnunin hefði þegar tekið ákvörðun í slíku máli og að þær breytingar sem Iceland Express gerði á bókunarvef sínum í kjölfar hennar væru að mati Neytendastofu fullnægjandi og í samræmi við þær kröfur sem fram komu í ákvörðuninni. Meðfylgjandi bréfi stofnunarinnar hafi m.a. verið afrit af ákvörðun Neytendastofu nr. 9/2008. Stofnunin fái ekki séð að hér sé um að ræða íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun í garð kæranda heldur sé stofnunin einungis að veita fyrirtækinu upplýsingar. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 62/2005 sé einungis heimilt að skjóta stjórnvaldsákvörðunum Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Þegar af þeirri ástæðu krefjist stofnunin þess að kærinni verði vísað frá áfrýjunarnefndinni.
14. Neytendastofa tekur einnig fram að hún leggi þann skilning í kröfur kæranda að hann óski þess að áfrýjunarnefndin skeri efnislega úr um, eða endurupptaki, þá stjórnvaldsákvörðun sem Neytendastofa kvað upp í máli nr. 9/2008. Að mati stofnunarinnar hafi atvik málsins í engu breyst frá því sú ákvörðun var tekin, eins og fram komi í bréfum stofnunarinnar, dags. 18. ágúst 2008 og 15. febrúar 2010. Síðastgreint bréf hafi að mati stofnunarinnar ekki verið stjórnvaldsákvörðun í skilningi laga nr. 37/1993. Kærandi hafi verið aðili að því stjórnsýslumáli sem leiddi til ákvörðunar Neytendastofu nr. 9/2008 og eftirfylgni málsins sem orðið hafi til þess að breytingar voru gerðar á bókunarvef Iceland Express. Kæranda hafi því mátt vera full ljóst að stofnunin hefði þegar tekið afstöðu til verðframsetningar á bókunarvef Iceland Express og teldi upplýsingarnar í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglna sem hún hafi eftirlit með. Með bréfi Neytendastofu hafi verið ítrekað við kæranda að ákvörðun í máli um bókunarvef Iceland Express hefði þegar verið tekin, sem fyrirtækið hefði farið að. Bókunarvefurinn hefði í engu breyst frá því að sú ákvörðun var tekin. Telji kæranda hnökra vera á bókunarvefnum, sem ekki sé vikið að í ákvörðun nr. 9/2008, verði að gera þá kröfu að hann sendi Neytendastofu rökstutt erindi þar að lútandi.
15. Fallist áfrýjunarnefnd neytendamála ekki á fyrri frávísunarkröfu Neytendastofu er varakrafa stofnunarinnar sú að kærinni verði vísað frá þar sem kærufrestur sé liðinn samkvæmt skýrum ákvæðum 3. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005, sem séu sérlög og gangi kærufrestur samkvæmt þeim lögum framur hinum almenna kærufresti, sbr. 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
16. Með bréfi, dags. 29. maí 2010, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Athugasemdir bárust með bréfi, dags. 7. júní 2010, þar sem kærandi hafnar þeim kröfum sem fram komi í greinargerð stofnunarinnar. Neytendastofa haldi því í fyrsta lagi fram að ekki hafi verið um kæránlega ákvörðun að ræða þegar stofnunin ákvað að aðhafast ekki frekar í málinu. Stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sé ákvörðun þar sem stjórnvald kveði einhliða á um rétt og/eða skyldu tiltekins aðila í ákveðnu máli í skjóli stjórnsýsluvalds. Dæmi um þetta sé ákvörðun Neytendastofu nr. 9/2008, þar sem stofnunin tók ákvörðun þess efnis að ferðaskrifstofan Iceland Express hefði gerst brotleg við 6. gr. laga nr. 57/2005 og reglur nr. 580/1998 í kjölfar kvörtunar kæranda. Það hljóti þá einnig að teljast stjórnvaldsákvörðun þegar Neytendastofa ákveði að hafna því að taka kvörtun kæranda varðandi

hnökra á bókunarvef Iceland Express til skoðunar eftir að nýjar upplýsingar komu í ljós sem sýni að ferðaskrifstofan reyni með vísvitandi hætti að blekkja viðskiptavinum sína sem fljúgi til Evrópu.

17. Kærandi segir einnig með ólíkindum að Neytendastofa segi í greinargerð sinni að ef kærandi telji hnökra vera á bókunarvef Iceland Express, sem ekki sé vikið að í ákvörðun nr. 9/2008, verði að gera þá kröfu að hann sendi stofnuninni rökstutt erindi þar að lútandi. Slíkt erindi hafi þegar verið sent Neytendastofu, dags. 3. febrúar 2010. Í erindinu hafi verið bent á þau atriði í bókunarkerfi Iceland Express þar sem reynt sé með vísvitandi hætti að blekkja viðskiptavinum ferðaskrifstofunnar. Telji Neytendastofa erindið ekki nægilega rökstutt beri stofnunin samt sem áður frumkvæðisskyldu til að taka málið til skoðunar enda segi í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 62/2005 að Neytendastofa skuli annast framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Neytendastofa haldi því í öðru lagi fram að vísa skuli kærinni frá þar sem kærufrestur sé liðinn samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005, en um þetta atriði vísar kærandi til framangreindrar umfjöllunar sinnar í upphafi kæru.

## NIÐURSTAÐA

18. Kæran í máli þessu lýtur að ákvörðun Neytendastofu sem birtist í bréfi stofnunarinnar, dags. 15. febrúar 2010, þess efnis að Neytendastofa telji ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna verðframsætningar á bókunarvef Iceland Express. Kæran er dagsett 7. maí 2010 og var póstlögð sama dag. Neytendastofa hefur farið fram á að kærinni verði vísað frá.
19. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytanda 62/2005 skal skrifleg og rökstudd kæra berast áfrýjunarnefnd neytendamála innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um hina kærðu ákvörðun. Líkt og framangreindar dagsetningar bera með sér og óumdeilt er í málinu var þessi fjögurra vikna frestur löngu liðinn þegar kærán á umræddri ákvörðun frá 15. febrúar 2010 var póstlögð 7. maí 2010. Kemur þá til athugunar hvort 28. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 leiði til þess að kærán skuli engu að síður tekin til efnismeðferðar. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. skal kæru sem berst að liðnum kærufresti vísað frá nema afsakanlegt verði talið að kærán hafi ekki borist fyrr, eða veigamiklar ástæður mæla með því að kærán verði tekin til meðferðar.
20. Við mat á því hvort afsakanlegt verði talið að kærán hafi ekki borist fyrr, í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, skiptir meðal annars máli hvort viðkomandi stjórnvald leiðbeindi um kærheimild. Í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 37/1993 er enda sérstaklega tekið sem dæmi um slíkar aðstæður að lægra sett stjórnvald hafi vanrækt að veita leiðbeiningar um kærheimild samkvæmt 20. gr. eða veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar. Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 verður þó ekki skilið þannig að skortur á leiðbeiningu um kærheimild í kærðri ákvörðun leiði sjálfkrafa og í öllum tilvikum til þess að kæra sem berst of seint skuli tekin til efnismeðferðar. Niðurstaðan ræðst eftir sem áður af heildstæðu mati hins æðra setta stjórnvalds á því hvort afsakanlegt verði talið að kærán hafi ekki borist fyrr, að undangenginni rannsókn á atvikum málsins og sjónarmiðum aðila þar að lútandi. Þótt skortur á leiðbeiningu um kærheimild í kærðri ákvörðun leiði að jafnaði til þess að kæra skuli tekin til meðferðar geta önnur atriði þannig leitt til þess að það telst engu að síður ekki

afsakanlegt hversu seint kæra berst. Í því sambandi kemur meðal annars til athugunar hversu langt yfir kærufrest var farið, hversu skýr hin kærða ákvörðun var um að hún fæli í sér endanlega afgreiðslu málsins og hvort kæranda mátti eftir sem áður vera kærueimild og kærufrestur fyllilega ljós, til dæmis vegna fyrri leiðbeiningar hins lægra setta stjórnvalds eða annarra atvika sem bera með sér slíka vitneskju.

21. Í bréfi Neytendastofu sem innihélt hina kærðu ákvörðun, dags. 15. febrúar 2010, var ekki sérstaklega leiðbeint um kærueimild, enda telur Neytendastofa slíka heimild ekki fyrir hendi. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála bar bréfið þó skýrlega með sér að um var að ræða endanlega afgreiðslu á erindi kæranda, dags. 3. febrúar 2010. Þar var vísað til erindisins, ákvörðunar Neytendastofu nr. 9/2008 og eftirmála hennar og tekið fram: „Verðframsetning sú sem kvartað er yfir nú er í samræmi við þá breytingu sem gerð var á verðframsetningu Iceland Express í kjölfar áðurnefndrar ákvörðunar Neytendastofu. Neytendastofu telur því ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu“. Með bréfinu var erindi kæranda því skýrlega leitt til lykta enda byggir kærandi á því að um kæranalega stjórnvaldsákvörðun hafi verið að ræða. Fyrri samskipti kæranda við áfrýjunarnefnd neytendamála bera með sér vitneskju hans um tilvist áfrýjunarnefndarinnar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 4. desember 2009 (11/2009), en málið varðaði kærueimild og kærufrest. Kæra var hins vegar ekki pósthöfð fyrr en 7. maí 2010, en þá voru u.þ.b. ellefu vikur liðnar frá því að hin kærða ákvörðun var tilkynnt kæranda og komið u.þ.b. sjö vikur fram yfir hinn lögbundna fjögurra vikna kærufrest.
22. Að framangreindu virtu er það mat áfrýjunarnefndar neytendamála að ekki sé afsakanlegt í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 hversu seint kæra í máli þessu barst. Þrátt fyrir að Neytendastofa hafi ekki leiðbeint um kærueimild í bréfinu frá 15. febrúar 2010, bar bréfið skýrlega með sér að um var að ræða endanlega afgreiðslu á erindi kæranda, auk þess sem kæranda mátti, vegna eldri en nýlegra atvika, vera kærueimild og kærufrestur ljós, en lét samt hátt í þrefaldan kærufrest líða áður en kæra var höfð fram. Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur samkvæmt þessu ekki leitt til þess að kærana verði tekin til efnislegrar meðferðar. Að virtum atvikum málsins og sjónarmiðum aðila telur áfrýjunarnefnd neytendamála að skilyrði 2. tölul. 1. mgr. 28. gr. séu ekki heldur uppfyllt. Málið lýtur að höfnun Neytendastofu á því að verða við ósk kæranda um að hefja athugun á verðframsetningu annars fyrirtækis og ekki verður talið að til staðar séu veigamiklar ástæður í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 28. gr., svo sem verulega ríkir hagsmunir aðila máls eða sérstakir almannahagsmunir. Við framangreint mat er meðal annars haft í huga að krafa kæranda lýtur að aðgerðum gagnvart öðru fyrirtæki, en í greinargerð með því frumvarpi sem varð að stjórnarsýslulögum er tekið fram að við mat á því hvort skilyrði 1. mgr. 28. gr. séu uppfyllt verði að líta til þess hvort aðilar málinu séu fleiri en einn og með andstæða hagsmuni. Sé sú raunin beri einungis að taka mál til kærumeðferðar að liðnum kærufresti í algjörum undantekningartilvikum.
23. Rétt er að taka fram að deila kæranda og Neytendastofu lýtur að fleiri atriðum en hinum lögbundna kærufresti. Áfrýjunarnefnd neytendamála telur óþarft að fjalla nánar um og taka

afstöðu til atriða er snerta eðli hinnar kærðu ákvörðunar, hinn stjórnslulega farveg málsins og aðild að því, enda liggur samkvæmt framangreindu fyrir að jafnvel þó lagt sé til grundvallar að kæranda sé heimilt að kæra umrædda ákvörðun til áfrýjunarnefndarinnar, þá sé kæran of seint fram komin og beri að vísa frá af þeim sökum.

24. Samkvæmt framansögðu verður kærinni vísað frá áfrýjunarnefnd neytendamála.

**ÚRSKURÐARORÐ:**

Kærinni er vísað frá áfrýjunarnefnd neytendamála.

Eiríkur Jónsson

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson